Umsögn Ungmennaráðs vegna sameiginlegs sáttmála um símanotkun í grunnskólum Kópavogsbæjar

Ungmennaráð styður að gerður sé sameiginlegur sáttmáli um símalaust skólastarf. Við teljum mikilvægt að slíkur sáttmáli byggi á trausti, samráði við börn og ungmenni og raunhæfum lausnum sem styðja nám, líðan og félagslíf nemenda. Að okkar mati er betra að hafa skýran og **sanngjarnan** ramma um símanotkun í skólanum.

Raunhæf leið er að símar séu í skólatösku eða þar sem þeir trufla nemendur minnst í skólanum.

Markmiðið á að vera að læra á ábyrga símanotkun og skapa betra skólaumhverfi. Sáttmálinn þarf að vera skýr og sambærilegur milli skóla, svo allir nemendur upplifi réttlæti og jafnræði.

Símalausar frímínútur ganga aðeins upp ef nemendur hafa fleira að gera. Þess vegna leggjum við **mjög** mikla áherslu á fjölbreytta og aðgengilega afþreyingu í skólum. Við gerum okkur grein fyrir að mikil símanotkun getur haft neikvæð áhrif á félagslíf, líðan og heilsu okkar ekki síður en einbeitingu í námi.

Sáttmálinn þarf að taka mið af aldri. Harðari reglur henta yngri nemendum betur og eldri nemendur ættu að fá meiri ábyrgð og traust. Við erum meðvituð um að breytingar taka tíma og þurfa að byggjast á samvinnu, **trausti** og sameiginlegri **ábyrgð**.

Samþykkt á fundi ungmennaráðs 26. janúar 2026

F.h. ungmennaráðs

Magnús Ingi Árnason formaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026